

2. fundur landssambandsstjórnar DKG 2022-2023 haldinn mánudaginn 12. september 2022 kl. 19:30 – 21:00 - fjarfundur

Mættar: Guðrún Edda Bentsdóttir Kappadeild, forseti, Aníta Jónsdóttir Betadeild, 1. varaforseti, Guðný Helgadóttir Gammadeild, 2. varaforseti, Þorgerður Ásdís Jóhannsdóttir Nýdeild, ritari, Elísabet Jóhannesdóttir Deltadeild, meðstjórnandi, Kristín Helgadóttir Betadeild, gjaldkeri, Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir Alfadeild, fráfarandi forseti og Eygló Björnsdóttir Betadeild, vefstjóri.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar hafði verið send stjórninni og var hún samþykkt.

2. Framkvæmdaráðsfundur 17. september nk. – dagskrá, veitingar o.fl.

Framkvæmdaráðsfundur verður haldinn á Center Hótel Plaza, Reykjavík, laugardaginn 17. september kl. 10-16. Forseti greindi frá dagskrá fundarins og var hún samþykkt. Einnig var samþykkt að fá Sigríði Indriðadóttur til að halda 30 mínútna erindi um jákvætt og hvetjandi starfsumhverfi og greiða henni 60 þús. kr. í þóknun. Varðandi veitingar var samþykkt að bjóða kaffi með léttu meðlæti við komu á fundinn, kjúklingasalát í hádeginu og léttar veitingar í lokin. Forseti greindi frá því að Sigrún Klara Hannesdóttir hafi boðist til að kynna alþjóðasamtökin á fundinum. Nokkur umræða varð um það hvort hentugra væri að hafa slíka kynningu á fyrri eða seinni framkvæmdaráðsfundi nýrra stjórna þar sem nýir formenn væru nú sérstaklega uppteknir af hlutverki sínu og praktískum atriðum. Ákveðið var að fá Sigrúnu Klöru nú á fundinn en stefna að því á næsta framkvæmdaráðsfundi að fjalla ítarlega um alþjóðlegar nefndir samtakanna.

Gjaldkeri mun leggja fram tillögu að fjárhagsáætlun á fundinum. Rætt var hvort gera ætti ráð fyrir kostnaði vegna námskeiða á vefnum en ekki var talin þörf fyrir það þar sem þegar er svigrúm fyrir slíkt í núverandi áætlun. Bent var á að nota mætti ýmis konar efni á vef alþjóðasamtaka DKG og einnig Evrópusamtakanna. Gjaldkeri sendir stjórninni drög að fjárhagsáætlun skömmu fyrir fundinn eða leggur þau fram á sjálfum fundinum til umræðu og samþykktar.

3. Erlendir gestir

Hægt er að óska eftir gesti frá alþjóðasamtökunum á landssambandsþingið á komandi vori. Forseti lagði fram lista yfir ýmsar stjórnarkonur. Ingibjörg Elsa lagði til að biðja um alþjóðaforseta í 1. val og Evrópuforseta í 2. val. Aníta lagði hins vegar til að biðja um Evrópuforseta í 1. val þar sem Evrópuþing verður haldið á næsta ári. Eftir umræður var niðurstaðan að biðja um 1) alþjóðaforseta, 2) Evrópuforseta, 3) fráfarandi alþjóðaforseta. Forseti athugar frekar hvaða reglur gilda um svona beiðnir.

4. *Aníta segir frá Ignite námskeiði*

Með góðri glærukynningu greindi Aníta frá þátttöku sinni í Ignite námskeiði alþjóðasamtaka DKG sem haldið var sumarið 2022 í Austin í Texas. Hún sagði að það hefði verið áskorun að sækja um námskeiðið og sækja það. Leiðarljós hennar voru:

Að sigrast ...

Að ná lengra ...

Að eflast ...

Gæði námskeiðsins voru mikil og öflugir fyrirlesarar. Aðstaða, kennsla og fjölbreytt efni voru í sérflokki. Aníta hefur fjórum sinnum hlotið DKG styrki til að sækja námskeið. Hún er tilbúin að halda þessa kynningu hjá deildum ef þess er óskað. Ef kynning verður á ZOOM mætti setja hana inn á þekkingarforðann.

Forseti lagði til að lögð væri sérstök áhersla á haustmisserinu á að kynna ýmis tilboð alþjóðasamtakanna og var það samþykkt.

5. *Landssambandsþing 13.-14. maí 2023*

Landssambandsþingið verður haldið á Hótel Örk í Hveragerði. Epsilon-deild mun annast undirbúning og framkvæmd þingsins. Tilboð hefur borist frá hótelinu um fundaraðstöðu, veitingar og herbergi. Ákveðið var að taka því. Í hádegisverði verði einn réttur en tveir í hátíðarkvöldverði. Alls verði bókuð 20 tveggja manna herbergi og 10 eins manns herbergi. Hótelið óskar eftir að herbergjabókun verði staðfest með góðum fyrirvara og verður reynt að koma til móts við það.

Önnur mál:

Ingibjörg Einarsdóttir hefur óskað eftir að vakin verði athygli á málþingi Radda sem haldið verður í hátíðarsal Háskóla Íslands 26. septembdr nk. á vef og facebook DKG. Eftir nokkra umræðu m.a. um fordæmi var ákveðið að vekja athygli á málþinginu og dagskrá þess á facebook samtakanna.

Fleira ekki rætt og fundi slitið um kl. 21.

Reykjavík, 13. september 2022

Fundargerð ritaði Guðný Helgadóttir vegna forfalla ritara.